

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Reykjavíkur.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4,48 fyrir hvern rúmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 1 172,00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

#### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- |   |            |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 40,00  |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" .....                   | kr. 88,00  |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....            | kr. 174,00 |

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 113,00.

#### 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem

hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m <sup>3</sup>	Heimæðargjald	
Allt að 400	17 773,00 kr.	
400— 2 000	17 773,00 kr. fyrir	400 m <sup>3</sup> + 14,24 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2 000— 6 000	40 557,00 kr. fyrir	2 000 m <sup>3</sup> + 12,11 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
6 000—10 000	88 997,00 kr. fyrir	6 000 m <sup>3</sup> + 10,66 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 10 000	131 637,00 kr. fyrir	10 000 m <sup>3</sup> + 9,37 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 2 132,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 212,00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 437/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 281 24. maí 1982.

*Iðnaðarráðuneytið 18. ágúst 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*